

30. fundur sveitarstjórnar Fljótsdalshrepps, Végarði 06.03 2012, kl. 13.30

Mættir voru allir aðalmenn sveitarstjórnar. Oddviti setti fund kl. 13.30.

Dagskrá:

1. Skýrsla oddvita
2. Laugarfell
Verkfundargerð 10.02
3. Endurskoðun Samþykktu Fljótsdalshrepps
4. Landbótasjóður Fljótsdalshrepps, ársskýrsla stjórnar 2011 og úthlutunarreglur
5. Samtök orkusveitarfélaga
Gögn til kynningar: fundargerðir stjórnar 16.12 2011 og 17.02 2012, listi yfir stofnfélaga og minnisblað Veritas lögmanna dags.23.02 2012
6. Fasteignskráning vatnsréttinda
7. Styrkvegir
8. Samgönguáætlun
9. AST (Austfirskar stoðstofnanir)
10. Gistihús við Végarð, eldhúsgámur
11. Bréf
 - a) Lánasjóður sveitarfélaga dags. 27.02
 - b) Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 24.02
 - c) Afrit af bréfi Fjarðabyggðar til SSA dags. 15.02
 - d) Þingmenn Hreyfingarinnar dags. 07.02
 - e) Óbyggðanefnd 02.02
12. Umhverfisstyrkir
Bessastaðir, Andrés Einarsson 07.02
13. Fundargerðir
 - a) Verkefna-og rannsóknarsjóður Fljótsdalshrepps og Landsbankans 16.02
 - b) Almannaþingarnefnd Múlaþings 08.02
 - c) Áætlunarferðir í Fljótsdal 13.02
 - d) Skógarorka 09.02
 - e) Dvalarheimili aldraðra 08.02
 - f) Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs 02.02
 - g) HAUST 02.02
 - h) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 28.02
14. Önnur mál

1. Skýrsla oddvita.

Fréttabréf með ýmsum upplýsingum til íbúa sveitarfélagsins var sent út í janúar.

Ríkisendurskoðun minnir á skyldu sjóða-og stofnana sem starfa samkvæmt staðfestri skipulagsskrá til skila á ársreikningi til Ríkisendurskoðunar. Frestur til skila er til 1. júlí. Þetta á við um Landbótasjóð Fljótsdalshrepps.

Úthlutun menningarstyrkja menningarráðs Austurlands fór fram í Snæfellsstofu 6. febrúar sl. Einnig var þar skrifað undir viðauka við samning um samstarf ríkis og sveitarfélaga á Austurlandi um menningarmál og menningartengda ferðaþjónustu. Í viðaukanum fellst að sérstakt fjárframlag bætist við af hálfu mennta-og menningarmálaráðuneytisins árin 2012 og 2013 að fjárhæð 15,5 m.kr. Framlagið er veitt til að efla sérstaklega starfsemi á sviði lista, safna og menningararfs. Heimilt er að verja fjárhæðinni til stofnstyrkja og/eða rekstrarstyrkja.

Samráðsvettvangur um gerð landsskipulagsstefnu kom saman til fundar í Reykjavík 3. febrúar, þar voru lögð drög að kynningu og samráði við mótun landsskipulagsstefnunnar.

Kirkjuráð Þjóðkirkjunnar ályktaði eftirfarandi á Kirkjuþingi 2011: Kirkjuþing 2011 hvetur til að sveigjanleika sé gætt í samskiptum skóla og trúar- og lífsskoðunarhópa í anda óbreyttrar trúfrelsishefðar á Íslandi. Hún felur í sér víðtækt frelsi til tjáningar og iðkunar trúar en virðir jafnframt ólíkar lífsskoðanir. Foreldraréttur skal virtur. Trúarleg og siðferðileg mótun ungmenna sé í samræmi við trú eða lífsskoðanir foreldra.

Neikvætt svar hefur borist við umsókn úr Samfélagssjóði Landsbankans. Sótt var um styrk til lagfæringar á göngustíg að Hengifossi.

Í framhaldi af umræðum um vegslóðamál óskaði oddviti eftir því við Fljótshreppshérað að sveitarfélögin skoðuðu möguleika á samstarfi um kortlagningu og skilgreiningu slóða innan sveitarfélaganna. Erindið hlaut jákvæðar undirtektir.

Fljótshreppur styrkti ferðasjóð nemenda í 8. og 9. bekk Hallormsstaðaskóla með bókaþjóf fyrir tombólu nemendanna.

Raunávöxtun fjármuna sveitarfélagsins sem eru í eignastýringu Landsbankans er 4.92% á árinu 2011.

Oddviti hefur fyrir hönd sveitarstjórnar gengið frá ráðningarábréfi við Deloitte ehf/Sigurð Pálsson vegna endurskoðunar ársreiknings sveitarfélagsins 2011.

Einnig hefur verið undirritaður samningur við Héraðsskjalasafnið um skjalaskráningu og skráningarvinnu hafin.

Minjasafn Austurlands undirbýr verkefni í safnafræðslu fyrir vinnuskólanemendur. Verkefnið gengur út á að fræða unglinga um vinnubrögð fyrri tíma s.s. við heyskap.

Gögn sem borist hafa:

Ársreikningurhúsfélags Miðvangs 6 2011

Ársreikningur Skógarorku 2011

2. Laugarfell.

Verfundargerð 10.02. Kynnt.

3. Endurskoðun Samþykktu Fljótshrepps. Ný sveitarstjórnarlög voru lögfest um sl. áramót, löggin hafa áhrif á samþykktir sveitarfélaga. Jón Jónsson hrl. hefur tekið að sér að vinna drög að nýjum samþykktum fyrir Fljótshrepp og drög að siðareglum sem öllum sveitarfélögum er nú skylt að hafa.

4. Landbótasjóður Fljótshrepps, ársskýrsla stjórnar 2011 og úthlutunarreglur. Kynnt.

5. Samtök orkusveitarfélaga

Gögn til kynningar: fundargerðir stjórnar 16.12 2011 og 17.02 2012, listi yfir stofnfélaga og minnisblað Veritas lögmanna dags.23.02 2012. Kynnt. Minnisblað Veritas lögmanna varðar athugun á því hvort orkumannvirki falli undir undanþágu laga um skráningu og mat fasteigna nr. 6/2001 og um greiðslu fasteignaskatts af þeim.

6. Fasteignskráning vatnsréttinda. Innanríkisráðuneytið hefur staðfest ákvörðun Þjóðskrár Íslands um skráningu og mat vatnsréttinda jarða við Jökulsá á Dal, sem aðskilin hafa verið frá jörðunum og framseld Landsvirkjun. Ekki liggur fyrir nú hvort málið muni ganga áfram til dómstóla. Að mati lögmanns Fljótaldalshrepps er ákvörðun Þjóðskrár og úrskurður ráðuneytisins fordæmisgefandi fyrir jarðir í Fljótaldal þar sem vatnsréttindi voru framseld Landsvirkjun vegna Kárahnjúkavirkjunar. Samþykkt að fela Kristni Bjarnasyni lögmanni sveitarfélagsins að undirbúa erindi til Þjóðskrár með beiðni um skráningu og mat vatnsréttinda jarða við Jökulsá í Fljótaldal og Kelduá, sem framseld hafa verið vegna Kárahnjúkavirkjunar.

7. Styrkvegir. Samþykkt að sækja um framlag úr styrkvegaskjóði til lagfæringa á vegi að Laugarfellsskála og Klausturselsleið.

8. Samgönguáætlun. Samþykkt eftirfarandi bókun:

Sveitarstjórn Fljótaldalshrepps óskar eftir að í 1. tímabil Samgönguáætlunar verði gert ráð fyrir fjármagni í Upphéraðsveg 931 um Fell, til uppbyggingar á 8 km vegkafla um Ásklif. Klæddir vegkaflar eru beggja vegna við umræddan vegkafla sem er með malaryfirborði, þarna er gjarnan illt yfirferðar sökum grófs yfirborð. Þá er Ásklif bratt og við núverandi aðstæður myndast þar oft erfið akstursskilyrði við snjó- og svellalög.

Sveitarstjórnin hvetur ennfremur til þess að aukið fjármagn verði sett í að viðhalda og endurbæta tengi- og héraðsvegi með það að markmiði að bæta búsetuskilyrði í dreifbýli, þar sem hækkar á olíuverði koma hvað harðast niður.

9. AST (Austfirskar stoðstofnanir) . Drög að skipulagsskrá. Kynnt.

10. Gistihús við Végarð, eldhúsgámur. Kynnt drög að tilhögun.

11. Bréf

- Lánasjóður sveitarfélaga dags. 27.02. Auglýsing eftir framboðum í stjórn Lánasjóð sveitarfélaga. Kynnt.
- Samband íslenskra sveitarfélaga dags. 24.02. Landsþing Samband íslenskra sveitarfélaga verður haldið í Rvík 23. mars. Kynnt.
- Afrit af bréfi Fjarðabyggðar til SSA dags. 15.02. Varðar Atvinnuþróunarsjóð Austurlands. Kynnt.
- Þingmenn Hreyfingarinnar dags. 07.02. Varðar frumvarp til laga um breytingar á stjórn fiskveiða. Kynnt.
- Óbyggðanefnd 02.02. Varðar hnitsetningu á þjóðlendumörkum í Fljótaldalshreppi, Kynnt.

12. Umhverfisstyrkir

Andrés Einarsson 07.02. Samþykktur hámarksstyrkur.

13. Fundargerðir

- Verkefna- og rannsóknarsjóður Fljótaldalshrepps og Landsbankans 16.02. Kynnt.
- Almannavarnarnefnd Múlaþings 08.02. Kynnt. Samþykkt 100 þús kr framlag til kaupa á tölvubúnaði í aðgerðarstjórnstöð Almannavarna og verður það tekið af óráðstöfuðu eigin fé.
- Áætlunarferðir í Fljótaldal 13.02. Kynnt.
- Skógarorka 09.02. Kynnt.
- Dvalarheimili aldraðra 08.02. Kynnt.
- Svæðisráð Austursvæðis Vatnajökulspjóðgarðs 02.02. Kynnt.

- g) HAUST 02.02. Kynnt.
- h) Skólanefnd Hallormsstaðaskóla 28.02. Skólanefnd fjallaði m.a. um stuðningsþörf nemenda við skólann og talin er þörf á að ráða sérkennara við skólann. Sveitarsjórn óskar eftir greinagerð frá skólastjóra um stuðningsþörfina og tillögur um úrbætur.

14. Önnur mál.

- a. Oddvita falið að skrifa undir samning við Framkvæmdasjóð ferðamannastaða vegna úthlutaðs styrks til skipulags- og hönnunarvinnu á göngustíg og opnu svæði við Hengifossá. Samþykki landeiganda þarf að liggja fyrir áður en vinnan hefst.
- b. Oddviti kynnti álit lögmanns sveitarfélagsins á 4. gr nýrra sveitarstjórnarlaga um staðarmörk sveitarfélaga. Í 4.gr. kemur fram að sveitarfélög hafa ákveðin staðarmörk er ráðast af útmerkjum þeirra fasteigna þ.m.t. þjóðlenda, sem innan þeirra liggja. Í lögnum er bráðabirgðaákvæði um að ef fasteign liggja innan tveggja eða fleiri sveitarfélaga skuli viðkomandi sveitarfélög ekki síðar en 13. janúar 2013 hafa komist að samkomulagi um breytingu á mörkum viðkomandi sveitarfélaga þannig að fullnægt sé ákvæðum 4. gr. Samþykkt að leita eftir samkomulagi við Fljótsdalshérað um breytingu á sveitarfélagamörkum vegna jarðanna Valþjófsstaða og Skriðuklausturs, en miðað við núverandi sveitarfélagsmörk falla þær inn innan staðarmarka 2ja sveitarfélaga.
- c. Kynningarfundur á viðbragðsáætlun vegna hugsanlegs stíflurofs Hraunaveitu, Kárahnjúkavirkjunar verður haldinn í Végarði, þriðjudagskvöldið 13. mars kl. 20.30.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.45
Þorvarður ritaði fundargerð í tölvu

Gunnþórunn Ingólfssdóttir (sign)
Anna Jóna Árnarsdóttir (sign)
Jóhann F. Þórhallsson (sign)
Lárus Heiðarsson (sign)
Þorvarður Ingimarsson (sign)